

AUGLÝSING

um hættumat vegna ofanflóða fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 23. ágúst 2010 staðfest tillögur hættumatsnefndar Akureyrarkaupstaðar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Akureyrarkaupstað.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 28. mars 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hafsteinn Pálsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2011